

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 238/1988. **Skagaskel hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Þorgrími Ómari Unasyni**

(Brynjólfrur Kjartansson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjómannaalög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Halldór Halldórsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur lögmaður áfrýjanda lýst yfir því, að málsókn stefnda hafi réttilega verið beint gegn áfrýjanda.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur. Þegar þess er gætt og með hliðsjón af meginreglunni í 1. tl. 1. mgr. 19. gr. sjómannaalaga, nr. 35/1985, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður í héraði. Þá er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 24. mars 1988.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum máflutningi 24. mars 1988, hefur Þorgrímur Ómar Unason, Kirkjugötu 9, Hofsósi, kt.

280465-4029, höfðað fyrir aukadómpingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, birtri 2. mars 1987, á hendur Skagaskel hf., Hofsósi, kt. 430484-0449, til greiðslu á kr. 247.731,80 auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 10. mars 1986 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum reikningi. Þá er krafist staðfestingar sjöveðréttar í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Stefnda krefst sýknu af öllum dómröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að hinn 27. febrúar 1986 var allri áhöfninni á Hafborgu, SK 50, 53 rúmlesta bát, sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri útgerðarinnar. Hinn 10. mars 1986 var skipstjóra bátsins vikið úr starfi og annar skipstjóri, Steinþór Sigurbjörnsson, ráðinn í hans stað. Sá hafði skipstjórnarréttindi á báta allt að 30 tonnum að stærð, en vegna einhverra mistaka sýndi skipstjórnarskírteini hans að hann hefði réttindi til skipstjórnar á bátum allt að 80 tonnum. Hinn 18. mars 1986 ritar lögmaður stefnanda Þórðarhöfða hf. bréf þar sem fram kemur að til sín hafi leitað Ómar Unason vegna uppsagnar sinnar úr skiprúmi á mb. Hafborgu. Í því kemur fram að Ómar Unason hafi verið á skelfisksveiðum í eina viku, en 10. mars 1986 hafi honum borist bréf þar sem greint var frá því að samkomulag hefði verið gert milli Þórðarhöfða hf. annars vegar og Skagaskeljar hf. hins vegar, þess efnis að öll starfsemi Þórðarhöfða hf. yrði færð yfir til Skagaskeljar hf. sem yfirtaki allar eignir og rekstur Þórðarhöfða hf. frá og með 8. mars 1986. Í bréfi þessu gerir lögmaður stefnanda þær kröfur að umbjóðandi sinn fái greiddan fullan hlut í þrjá mánuði, enda verði miðað við sama aflamagn og báturinn fiskaði í mars, apríl og maí 1985. Bréfi þessu svaraði framkvæmdastjóri Skagaskeljar 9. apríl 1986 með bréfi til lögmanns stefnanda. Þar kemur fram að framkvæmdastjóri Skagaskeljar telur að ekki eigi að greiða stefnanda laun miðað við það aflamagn sem báturinn aflaði í mars, apríl og maí 1985. Þá segir og í bréfinu að stefnanda hafi staðið til boða að vera áfram á mb. Hafborgu, en það hafi hann ekki viljað, og þar sem stefnandi tók ekki út sinn uppsagnarfrest, eigi hann ekki rétt til launa fyrir þann tíma, sbr. ákvæði sjómannalaga, nr. 35/1985, um uppsagnarfrest.

Steinþór Sigurbjörnsson fór með mb. Hafborgu eina veiðiferð, en stefnandi hafði áður neitað að fara með honum. Eftir þessa ferð fór þáverandi framkvæmdastjóri Skagaskeljar, Sigurður Pálmason, með bátinn nokkrar ferðir. Síðar, hinn 16. maí 1986, fæst undanþága fyrir Steinþór Sigurbjörnsson og tekur hann þá við skipstjórninni.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndu hafi verið óheimilt að víkja sér úr starfi fyrirvaralaust og neitun sín að

fara í róður með réttindalausum skipstjóra, þegar völ var á manni með réttindi, hafi verið réttmæt. Stefnandi telur sig eiga rétt á skaðabótum sem jafngildi launum staðgengils í þrjá mánuði, sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómanna-laga, nr. 35/1985, og dómvenju. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Kauptrygging, fastakaup og orlof í mars 1986	kr. 41.077,50
Hlutur með orlofi í apríl 1986	kr. 147.972,30
Kauptrygging, fastakaup og orlof í maí 1986	kr. 58.682,00
	<hr/>
	Samtals kr. 247.731,80

Stefnda byggir sýknukröfu sína á 4. mgr. 22. gr. sjómanna-laga, nr. 35/1985, þar sem segir berum orðum að það heimili skipverja ekki að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu. Breyti hér engu þótt skipstjóri sá, sem tekur við skipinu, starfi á undanþágu, en Steinþór Sigurbjörnsson, sem hefur 30 tonna skipstjórarréttindi, hafi fengið undanþágu til starfans, sbr. dómskjal nr. 10.

Við skýrslutöku fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa farið úr skiprúmi vegna þess að sér hefði verið sagt upp störfum. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa farið með mb. Hafborgu vegna þess að réttindalaus maður hafði verið ráðinn skipstjóri. Stefnandi kvaðst hafa neitað að fara með réttindalausum skipstjóra til sjós. Stefnandi kveður að Steinþór Sigurbjörnsson hafi farið með bátinn eina veiðiferð, en hefði áður haft samband við stefnanda og spurt hvort hann vildi fá stöðu stýrimanns á mb. Hafborgu. Þessu kveðst stefnandi hafa neitað vegna þess að hann hafi vitað að Steinþór hafi ekki haft réttindi til skipstjórnar á stærra skipi en 30 tonnum. Aðspurður kvaðst stefnandi hafa verið tilbúinn til að fara um borð í bátinn um leið og skipstjóri með tilskilin réttindi fengist. Stefnandi kveðst ekki hafa verið beðinn um að fara með bátinum eftir að maður með réttindi var orðinn skipstjóri.

Sigurður Pálmason, 30 ára, framkvæmdastjóri, til heimilis að Hlíðarvegi 54, Ólafsfirði, sem var framkvæmdastjóri hjá Þórðarhöfða og síðar Skagaskel frá 15. september 1985 til hausts 1986, gaf skýrslu fyrir dóminum. Aðspurður segir hann að vegna slæmrar afkomu útgerðarinnar hafi verið nauðsynlegt að sameina Þórðarhöfða og Skagaskel. Í framhaldi af þeirri ákvörðun hafi skipverjum á mb. Hafborgu verið sagt upp. Í raun hafi samt ekki verið um neinar breytingar á útgerðinni að ræða. Eftir þetta hafi Steinþór Sigurbjörnsson verið ráðinn skipstjóri á mb. Hafborgu, en hann var á þessum tíma vélstjóri á bátinum. Að beiðni útgerðarinnar hafði Steinþór samband við stefnanda og innti hann eftir því hvort hann vildi vera stýrimaður á mb. Hafborgu hjá sér. Stefnandi tjáði Steinþóri þá að það vildi hann ekki. Sigurður sagði að síðan hefði hann sjálfur haft samband við stefnanda og spurt hvort hann ætlaði að koma aftur um borð. Stefnandi

hefði neitað því og sagt að ekki kæmi til greina að hann færi aftur um borð í bátinn hvernig sem málin þróuðust. Sigurður segir að þáverandi stjórnarformaður Skagaskeljar hafi hlustað á þetta samtal. Sigurður kveður að eftir þetta hafi ekki verið eytt meira „púðri“ í þetta mál, heldur farið að vinna að því að koma bátnum á sjó.

Stefnandi kom aftur fyrir dóm og kvaðst aðspurður einungis hafa neitað að fara með réttindalausum skipstjóra til sjós þegar Sigurður Pálmason hefði haft samband við sig eftir ráðningu Steinþórs Sigurbjörnssonar, en hann kvaðst ekki hafa neitað að fara aftur um borð í bátinn ef skipstjóri með tilskilin réttindi fengist.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda sömu kröfur og greinir í stefnu, nema hvað hann með leyfi lögmanns stefndu gerði kröfu um hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 1. maí 1987 til greiðsludags. Lögmaðurinn lagði áherslu á að ekki væri um tölulegan ágreining að ræða milli aðilanna og yrði áfall dæmt, ætti umbjóðandi sinn rétt á staðgengilslausnum í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Lögmaðurinn segir að Steinþór Sigurbjörnsson hafi verið ráðinn til skipstjórnar án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Þegar svo stóð á hafi umbjóðanda sínum verið rétt og skylt að neita að fara með mb. Hafborgu í róður. Lögmaðurinn leggur áherslu á að eftir að réttindi Steinþórs Sigurbjörnssonar höfðu verið afturkölluð, hefði Sigurður Pálmason, sem tók við skipstjórn mb. Hafborgar, ekki boðið stefnanda að fara með í róður. Lögmaðurinn leggur áherslu á að stefnda beri hallann af því, takist henni ekki að sanna, að umbjóðanda sínum hafi verið boðið að fara með Sigurði Pálmasynti, þegar hann fór með bátinn.

Lögmaður stefndu gerði við munnlegan flutning málsins sömu kröfur og í greinargerð. Hann kveður stefnanda hafa neitað að fara með Steinþóri Sigurbjörnssyni og í framhaldi af því hafi hann neitað að fara með Sigurði Pálmasynti sem hafði tilskilin skipstjórnarréttindi. Lögmaðurinn vitnar til 4. mgr. 22. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, máli sínu til stuðnings. Hann leggur áherslu á að hafi maður lögmeeta heimild til að fara með skip sem skipstjóri, heimili það skipverjum ekki að hlaupast úr skipprúmi. Þetta brotthlaup stefnanda hafi því verið ólögmeitt og hafi hann viljað koma aftur um borð, hefði hann þurft að hafa frumkvæðið að því.

Lögmaður stefnanda tók aftur til máls og lagði áherslu á að réttindi Steinþórs Sigurbjörnssonar hefðu ekki verið í lagi, og þegar Sigurður Pálmason fór með bátinn, hefði umbjóðanda sínum ekki verið boðið starf. Lögmaðurinn leggur áherslu á að umbjóðandi sinn hafi ekki neitað að fara með manni með réttindi eða manni með undanþágu til skipstjórnar, heldur einungis neitað að fara með réttindalausum manni.

Lögmaður stefndu lagði áherslu á þegar hann tók til máls í annað sinn

að embætti sýslumanns Skagafjarðarsýslu hefði gefið út skírteini til Steinþórs Sigurbjörnssonar sem heimilaði honum að vera skipstjóri á báti allt að 80 tonnum. Hann leggur áherslu á að þótt stefnandi hafi talið sér heimilt að hverfa úr skiprúmi, hafi Steinþór Sigurbjörnsson haft tilskilin réttindi á þeim tíma sem hann stjórnaði skipinu.

#### *Niðurstöður.*

Það hefur komið í ljós og er óumdeilt að Steinþór Sigurbjörnsson fékk út gefið skipstjórnaðarskírteini sem sýndi meiri réttindi en hann átti í raun að hafa. Mál þetta snýst því um það hvort stefnanda hafi verið heimilt að neita að fara í róður með skipstjóra, sem hafði ekki tilskilin réttindi, og í framhaldi af því hvort honum hafi verið rétt að líta svo á að ráðningarsamningi sínum væri slitið, þar sem honum hafi ekki verið boðið starf þegar maður með tilskilin skipstjórnaðaréttindi var kominn á bátinn.

Aðilum málsins ber ekki saman um það hvernig atvikum vegna brottfarar stefnanda úr skiprúmi var háttað. Stefnandi kveðst einungis hafa neitað að fara í róður með réttindalausum skipstjóra. Framkvæmdastjóri Skagaskeljar á þessum tíma hefur aftur á móti borið að stefnandi hafi með öllu neitað að koma um borð í bátinn hvernig sem málum væri háttað. Á dómskjali nr. 9 kemur fram að stefnanda hafi staðið til boða að vera áfram á bátnum, en hann hafi ekki viljað það.

Dómarinn telur að stefnanda hafi verið heimilt að neita að fara í róður með réttindalausum skipstjóra, enda þótt hann hafi haft skírteini sem sýndi að hann hefði heimild til að stjórna þessu skipi. Stefnandi hefur borið að sér hafi verið kunnugt um að skírteinið sýndi of mikil réttindi. Stefnandi hefur ekki hreyft neinum mótmælum gegn þessari fullyrðingu stefnanda.

Þar sem stefnanda var heimilt að neita að fara í róður með réttindalausum skipstjóra verður að telja að stefnda beri hallann af því að honum hefur ekki gegn andmælum stefnanda tekist að sanna að stefnanda hafi verið boðin staða um borð í bátnum eftir að skipstjóri með réttindi tók við og í framhaldi af því maður með undanþágu til skipstjórnar. Úr því að stefndu hefur ekki tekist að sanna að stefnanda hafi verið boðið að vera áfram stýrimaður á mb. Hafborgu verður að telja að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi, og að hann eigi því rétt á staðgengilslaunum í þrjá mánuði.

Hér er ekki um tölulegan ágreining að ræða og eru kröfur stefnanda því teknar til greina að fullu. Þó skal krafa um vexti tekni til greina með þeirri breytingu sem greinir í dómsorði.

Skv. 1. tl. 197. gr. laga nr. 34/1985 ber að viðurkenna sjóveðsrétt í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar dæmdum kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 50.000,00 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Skagaskel hf., greiði stefnanda, Þorgrími Ómari Unasyni, kr. 247.731,80 auk 27% ársvaxta frá 10. mars 1986 til 1. maí 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefnda greiði stefnanda kr. 50.000,00 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðsrétt í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---